

Alþingi
Erindi nr. P 126/2822
komudagur 10.9.2001

Alþingi – Iðnaðarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Athugasemdir við raforkulög.

Almennar athugasemdir

Orkuveita Húsavíkur sér um dreifingu, sölu og vinnslu á heitu vatni, köldu vatni og á raforku á Húsavík. Stöðugildi hjá Orkuveitu Húsavíkur eru 7,5 sem skiptast í 3,5 stöðugildi á skrifstofu (1,5 stöðugildi við afgreiðslu og útgáfu reikninga, 2 stöðugildi við stjórnun) og 4 stöðugildi hjá útímönnum (2,5 stöðugildi við veitukerfi vatns, 1 stöðugildi við rafveitu, 0,5 stöðugildi við rafstöð). Í núverandi frumvarpi til raforkulaga er gert ráð fyrir að skipta þurfi Orkuveitunni upp í tvö fyrirtæki (sérleyfisþátt og samkeppnisþátt). Þessi aðskilnaður sem farið er fram á mun auka verulega þann mannafla sem þarf til að reka Orkuveituna. Lágmarksfjöldi í hverri einingu er 3-4, þar sem ekki er hægt að halda bakvakt með færri mönnum. Í núverandi kerfi er ávallt einn útimaður á bakvakt óháð fagsviði. Samvinna er á milli bakvaktarmanna, þannig að ávallt er hægt að sinna útköllum á öllum fagsviðum Orkuveitunnar.

Orkuveita Húsavíkur leggst gegn því að krafist verði ofangreinds fyrirtækjaaðskilnaðar fyrir litlar veitur eins og Orkuveitu Húsavíkur þar sem þessi aðskilnaður hefur í för með sér 7-10 % hækkun á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni til almennings á Húsavík.

Þar sem frumvarp þetta hefur dregist ætti að endurskoða allar tímasetningar og gefa orkufyrirtækjunum lengri tíma til að koma breytingunum í framkvæmd.

Aðrar athugasemdir

2. kafli

4. grein.

Hækka þarf mörk fyrir virkjanaleyfi í 5 MW og að leyfið verði ótímabundið.

5. grein.

Engin ástæða er að banna virkjanaleyfishafa að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði. Tilskipun Evrópusambandsins gerir ekki ráð fyrir þessu og engar horfur á að þessu verði breytt fyrir veitur sem eru að sömu stærð og íslenskar veitur eru.

3 kafli

12. grein.

Mikilvægt er að allar núverandi dreifiveitur geti keypt rafmagn á sama verði (Eitt flutningskerfi/eitt verð). Engin rök eru fyrir því að þeir aðilar sem búa í næsta nágrenni við virkjanir borgi hærra verð, en þeir sem búa langt frá virkjunum, en fengu fyrir “tilviljun” meginflutningskerfi skilgreint í næsta nágrenni við sig.

4 kafli

14. grein

Engin ástæða er að banna dreifiveitu að stunda vinnslu eða viðskipti með raforku. Evrópusambandið gerir ekki ráð fyrir þessu og engar horfur á að þessu verði breytt fyrir veitur sem eru að sömu stærð og íslenskar veitur eru.

5 kafli

18 grein.

Engin ástæða er að banna söluaðila að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði.

Húsavík 18/9/01

Fyrir hönd Orkuveitu Húsavíkur

Hreinn Hjartarson

Hreinn Hjartarson